

Ed.

56. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á póstlögum 16 nóv. 1907.

Nefndin leggur til að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Þó skal það tekið fram, að nefndinni þótti í fyrstu varhugarvert, að láta ákvæði þetta ná til allra ábyrgðarsendinga, þannig að ekki yrði framvegis hægt að fá tryggð hjá póststjórninni ábyrgðarbrjef, peningabrjef, peningasendingar og fleira af því tagi. Vildi nefndin því helst láta þessa breytingu á póstlögnum ná einungis til böggla, sem ekki væri í peningar eða verðbrjef.

En eftir að nefndin hafði átt tal við póstmeistara um þetta efni, fjell hún frá því áformi sínu.

Ástaðan til þess var sú, að póstmeistari fullvissaði nefndina um, að jafn-skjótt og þetta frumvarp yrði að lögum, þá semdi stjórnarráðið reglugjörð, þar sem undan yrði skilið þetta: Verðmæt skjöl, víxlar, ávísanir, vaxtamiðar, peningar, dýrir málmar, gimsteinar og perlur.

Þessi orð póstmeistara álitur nefndin næga tryggingu fyrir því, að þessu verði þannig fyrir komið framvegis, og hefir hún til frekari fullvissu látið póstmeistara lesa yfir nefndarálitið, svo orð hans yrðu rjett hermd.

Alþingi 8. júlí. 1914.

J. Havsteen,
formaður.

Magnús Pjetursson,
skrifari og framsögumaður.

Karl Finnbogason.